

Kjarasamningur

milli Ríkisútvarpsins ohf. (kt. 600307-0450) og
Félags leikstjóra á Íslandi (kt. 561074-0549) um kjör leikstjóra í hljóðvarpi

1 Ráðning leikstjóra

- 1.1 Gera skal sérstakan ráðningarsamning við leikstjóra fyrir hvert verkefni.
- 1.2 Ráðningarsamningur skal vera í tveim samhljóða eintökum og heldur RÚV öðru eintakinu og leikstjórinn hinu. Afrit ráðningarsamnings skal sent FLÍ liggi samþykki leikstjóra fyrir.
- 1.3 Í ráðningarsamningi skal tilgreina áætlaða tímalengd verkefnis, launaflokk leikstjóra og tímalengd ráðningar.
- 1.4 Við lok verkefnis lýkur ráðningu án sérstakrar uppsagnar.
- 1.5 Ef verkefni frestast eða óvænt rof verður á vinnu við verkefnið, án þess að leikstjóri eigi þar sök á, og tafir valda því að leikstjóri geti ekki lokið vinnu við viðkomandi verkefni vegna annarra skuldbindinga, skulu samningsaðilar semja um slit ráðningar. Greiðslur vegna uppgjörs launa skulu taka mið af þeirri vinnu sem lokið er. Sé undirbúningur verkefnis hafinn skal greiða fyrir þann undirbúning sem lokið er.
- 1.6 Hætti RÚV við verkefni eftir undirritun ráðningarsamnings, án þess að leikstjóri eigi þar sök á, skulu samningsaðilar semja um slit ráðningar. Greiðslur vegna uppgjörs launa skulu taka mið af þeirri vinnu sem lokið er. Sé undirbúningur verkefnis hafinn skal greiða fyrir þann undirbúning sem lokið er.

2 Laun fyrir leikstjórn

2.1 Tímakaup verkefnaráðs leikstjóra skal vera eftirfarandi:

Launafl.	Skilgreining á röðun í launaflokka	Tímakaup
01	Byrjunarlaun	3.174
02	eftir 4 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 2 ára prófaldur	3.273
03	eftir 7 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 5 ára prófaldur	3.374
04	eftir 12 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 9 ára prófaldur	3.478
05	eftir 18 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 12 ára prófaldur	3.585
06	eftir 24 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 16 ára prófaldur	3.696
07	eftir 30 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 20 ára prófaldur	3.811
08	eftir 35 sviðsetningar í hljóðvarpi eða 25 ára prófaldur	3.929

2.2 Leikstjórar raðast í launaflokk 01 – 08 skv. launatöflu í gr. 2.1. Taflan tekur mið af því að leikstjórar séu með háskólamenntun í leiklist eða sambærilegum greinum sviðslista, eða a.m.k. 5 ára reynslu af starfi við leikstjórn. Leikstjóri skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni. Byrjunarlaun miða við leikstjóra sem hefur unnið að fjórum eða færri sviðsetningum í hljóðvarpi. Aukin starfsreynsla og/eða hærri prófaldur færa leikstjóra upp launastigann. Ljúki leikstjóri, sem raðað er í launaflokk 01 – 07, formlegu meistaranámi í sviðslistum eða sambærilegu háskólanámi skal hann færður upp um einn launaflokk. Með sviðsetningum er átt við tilgreindan fjölda af frumfluttum sviðsetningum í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins og/eða í öðrum hljóðvarpsmiðlum. Hér er átt við sviðsetningu fyrir hljóðvarp á leikritum og öllum afleiddum leikverkum (dramatísk hljóðverk), t.d. leikgerðir eftir skáldsögum, kvikmyndahandritum, ljóðum og myndum.

3 Flutningsréttindi

3.1 Frumflutningur

3.1.1 Í kjölfar frumflutnings sviðsetningar í hljóðvarpi er RÚV heimill einn endurflutningur innan 30 daga án endurgjalds.

3.1.2 RÚV er heimilt að hafa upptökur sviðsetninga í hljóðvarpi aðgengilegar á vef sínum í allt að 30 daga frá fyrsta útsendingardegi og hverjum endurflutningi eftir það samkvæmt grein 3.2.1 og 3.2.2 án endurgjalds. Notaður skal „straumur“ við netmiðlunina, eða hver sú tækni önnur sem best þykir hverju sinni til að tryggja það að ekki sé hægt að hlaða efninu niður.

3.2 Endurflutningur verka í heild

3.2.1 Þegar liðnir eru meira en 30 dagar frá frumflutningi er RÚV heimilt að endurflytja sviðsetningu í hljóðvarpi gegn greiðslu höfundarlauna, að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem koma fram í grein 3.2.2 og 3.2.3. Stofn greiðslu fyrir endurflutning skal vera kr. 600.- pr. flutningsmínútu. Á höfundargreiðslu fyrir endurflutning, skv. þessari grein falla ekki gjöld þau sem fjallað er um í 5. kafli samnings þessa.

3.2.2 Séu meira en 5 ár liðin frá frumflutningi verks er leikstjóra heimilt að leggja bann við að RÚV endurflytji verk hans tímabundið eða til langframa. Slíkt bann tekur gildi 8 vikum eftir að tilkynning berst RÚV og stendur uns leikstjóri tilkynnir RÚV um annað.

3.2.3 Greiðslu fyrir endurflutning skal RÚV inna af hendi innan 30 daga frá endurflutningi.

3.3 Endurflutningur brota úr verkum

3.3.1 Óski RÚV að flytja í hljóðvarpi hluta úr leikverkum sem varðveitt eru í safni RÚV, í kynningarskygni eða í þáttum um feril listamanns, er það heimilt án endurgjalds til leikstjóra eða handhafa höfundarréttar hans. Slíkir kaflar eða brot skulu þó aldrei vera lengri en 12 mínútur samanlagt úr hverju verki hverju sinni og skal nafns leikstjóra ævinlega getið. Fyrir flutningsréttindi skv. 3.3.1 greiðir RÚV árlega 125.000 kr. í Menningarsjóð FLÍ.

4. Útgáfa

- 4.1** RÚV er heimilt að gefa út upptekið efni (leikrit) á stafrænu formi. Fyrir slíka útgáfu greiðir RÚV leikstjóra 2% af útsöluverði seldra eintaka að frádregnum virðisaukaskatti og 33.3% smásöluálagningu.
- 4.2** RÚV hefur þó rétt til að gefa allt að 50 eintök til listamanna og viðskiptavina án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

5 Orlof, lífeyrissjóður, félagsgjald og aðrir sjóðir.

- 5.1** RÚV greiðir 10,17% orlof á öll laun skv. 2. kafla samnings þessa.
- 5.2** RÚV greiðir 8% framlag af heildarlaunum leikstjóra skv. 2. kafla í þann lífeyrissjóð sem leikstjóri hefur tilgreint í ráðningarsamning á móti 4% iðgjaldi hans.
- 5.3** RÚV heldur eftir af launum leikstjóra félagsgjaldi samkvæmt lögum FLÍ og stendur skil á því til félagsins.
- 5.4** RÚV greiðir framlag í styrktar- og sjúkrasjóð BHM sem nemur 1% af heildarlaunum leikstjóra sem eiga aðild að sjóðnum.
- 5.5** RÚV greiðir framlag í Orlofssjóð BHM sem nemur 0,25% af heildarlaunum leikstjóra sem eiga aðild að sjóðnum.
- 5.6** RÚV skal greiða 1% af launum skv. 2. kafla í Menningarsjóð FLÍ.

6 Réttindi og skyldur

- 6.1** Leikstjóri ber listræna ábyrgð á verkefninu og skal hafa góða yfirsýn yfir framvindu einstakra verkþátta á samningstíma.
- 6.2** RÚV skal sjá leikstjóra fyrir vinnuáðstöðu vegna fundarhalda og æfinga í þágu verkefnis á samningstímabilinu.
- 6.3** Leikstjóri skal fá afhent handrit að verki sem honum er ætlað að stjórna eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir áætlaðan flutningsdag. Víkja má frá þeim tímafresti ef um leiksmiðjuverkefni er að ræða eða ef ákvörðun um leikverk er tekin með stuttum fyrirvara enda sé fullt samkomulag milli aðila um slíkt frávik.
- 6.4** Leikstjóri skal skila leikstjórnarhugmynd og fullkominni áætlun yfir æfingatíma og upptökur 2 vikum áður en æfingar hefjast nema samið hafi verið um frávik. Æfingar skulu skipulagðar í samráði við RÚV og í samræmi við skipulagsáætlun RÚV hverju sinni.

- 6.5** Forsendur verkefnis skulu liggja fyrir við undirritun ráðningarsamnings leikstjóra skv. gr. 1.3 á sérstöku forsendublaði sem aðilar fylla út og er fylgirit ráðningarsamnings.
- 6.6** Leikstjóra er óheimilt að taka fjárhagslegar ákvarðanir varðandi verkefni eða skuldbinda RÚV fjárhagslega.
- 6.7** Við ráðningu leikara og annarra samstarfsmanna ber að hafa náið samráð við leikstjóra og leitast við að virða óskir hans.
- 6.8** Leikstjóra ber að halda nákvæma viðveruskrá yfir vinnu leikara.
- 6.9** RÚV er skylt að varðveita frumrit hljóðupptöku í safni sínu eða öðru því safni sem samið verður um að varðveiti slíkar upptökur.
- 6.10** Leikstjóri á höfundarrétt á verki sínu samkvæmt almennum reglum um hugverkarétt.
- 6.11** Í allri kynningu á verkefninu skal nafn leikstjórans ætíð koma skýrt fram nema hann samþykki annað.

7 Gildistími og samningsforsendur

- 7.1** Laun skv. 2. kafla skulu hækka í samræmi við almennar launabreytingar sem samið verður um í kjarasamningum milli RÚV ohf. og aðildarfélaganna BHM á gildistíma samningsins.
- 7.2** Samningurinn gildir frá samþykkt til 1.1.2017.

Reykjavík, 26.9. 2014.

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

F.h. Félags leikstjóra á Íslandi

Undirritun samninganefndar Félags leikstjóra á Íslandi er með fyrirvara um samþykki fundar félagsmanna um samninginn.

Fylgiskjöl:

Ráðningarsamningur
Framleiðsluforsendur fyrir leikið efni í útvarpi
Bókun um skrásetningu útvarpsverka